



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Atvinnumálanefnd.

8. fundur

Fundur haldinn í Atvinnumálanefnd að Hlíðavegi 6 fimmtudaginn 29. nóvember 2012.

Mættir : Böðvar Pétursson, Sólveig E. Hinriksdóttir, Ingibjörg Björnsdóttir, Leifur Hallgrímsson, Halldór Árnason.

Þá mættu fjallskilastjórar, Birgir Hauksson og Daði Lange Friðriksson. Einnig mættu gangaforingar: Álfðís Stefánsdóttir, Jón Ingi Hinriksson, Hjörleifur Sigurðarson og Héðinn Sverrisson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.

Formaður setti fund.

2. Uppgjör fjallskila 2012

Borist hefur 1 fjallskilareikningur upp á 15.000 kr. fyrir flug. Hann samþykktur.

Þá hafa borist 2 gangnaskýrslur þetta árið, sem er bæting frá síðasta ári. En betur má ef duga skal og aðrir gangnaforingjar því hvattir til að skila skýrslum eins og vera ber.

Girðingagjald árið 2012 er kr. 271,-

Varðandi dagsverk í göngum var ákveðið að sleppa gangnaskyldu á kind þetta árið þar sem flestir bændur gengu meira en á þá var lagt.

3. Gangnaforingjar mættu á fund.

Ræddir voru atburðir haustsins, og hvort draga megi einhvern lærdóm eða breyta einhverju varðandi vinnubrögð tengd göngum.

Rætt var hvort breyta mætti smalafyrirkomulagi, þar sem sum svæði eru auðveldari yfirferðar en önnur og ekki þarf langan fyrirvara til að smala þau, svo sem Veggir. Önnur svæði eins og Gæsafjöll og Norðurfjöll erfið ef gerir snjó snemma. Spurning um að smala þessi svæði fyrst?

Réttardagur 2013 ræddur. Ákveðið var að rétta aldrei í ágúst. Heldur alltaf 1. sunnudag í september. Því er stefnt á að rétta 1. september 2013. Þá kom upp sú hugmynd að gera langtímaplan, negla niður réttardaga næstu 5 árin, semja við sláturhús og ræða við ferðaþjónustuaðila hér í sveit ef þeir vilja gera eitthvað tengt göngum og réttum.

Eins var rætt hvort hægt væri að setja fastan sleppingardag á vorin. Upp úr því spunnust heilmiklar umræður um beit og beitarálag á austurafrétti.

Þá voru girðingamál rædd. Mikilvægt er að girða meðfram þjóðveginum sem fyrst, bæði austurafreittinn og eins í kringum vatnið.

Atvinnumálanefnd beinir því til sveitarstjórnar að hún fari fram á við Vegagerðina að hún girði meðfram vegum í Mývatnssveit sem og austur fjöll að Jökulsá.

Í lokin var aðeins rætt um það fé sem kemur úr Fellum og Grafarlöndum, en á því er gjaldskylda svo skrifstofunni þurfa að berast upplýsingar um þær kindur sem þangað eru sóttar svo hægt sé að rukka fyrir þær.

4. Önnur mál

Atvinnumálanefnd beinir því til sveitarstjórnar að huga að viðhaldi húseigna sveitarfélagsins, þá sérstaklega félagsheimilis okkar, Skjólbrekku. Mikilvægt er að mála að utan og skipta um gólf í sal hið fyrsta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15:00

Böðvar Pétursson
Sólveig E. Hinriksdóttir
Ingibjörg Björnsdóttir
Leifur Hallgrímsson
Halldór Árnason